

Núpi 18.05.08.

Heill og sæll


Meðfylgjandi er upptakan af frásögn þinni af atburðarásinni þegar Svanurinn fórst. Ég skrifaði þetta nokkurnvegin orðrétt eftir upptökunni, en samt geta verið villur því sumt heyrðist varla nógu vel.

Ég yrði þér þakklátur ef þú létir mig vita ef þú vilt breyta einhverju eða bæta við. Nú, eða hvort þér finnst þetta í lagi.

Við hjónin verðum á Núpi lengst af í sumar, svo það verður ekkert mál að skutlast til þín ef þú vilt einhverju breyta.

Símanúmerið á Núpi er 456 8239 og GSM 896 1660.

Kær kveðja,



Þróstur Sigtryggsson

Svanur 3

Frásögn Einars Hálfðánarsonar í ágúst 2005.

Ég kem upp í brú til að tala við þabba.

Ég var þarna stýrimaður hjá honum og hafði meðal annars það verkefni að sjá um skylduna og tilkynna okkur í hádeginu þegar skipstjórinn fór í mat. Fór inn í kortaklefang og skrúfa niður í tryllinum svokallaða sem var tæki frá Baldri Bjarnasyni af því það urgaði svo mikið í honum. Kalla svo í Ísafjörð og gef upp skylduna. Svo hækka ég í honum aftur og allar bylgjurnar inni og þá heyrir ég þetta : “erum komnir í gúmmibát 18 milur NNV af Deild” minnir mig og svo var eitthvað urg og ég næ ekki mikið meira en ég þekkti sko málróminn í vélamanninum því hann var sko vanalega á talstöðinni hann Jón og eftir það – svo kallar varðskipið í hann en hann heyrir ekki í þeim – en heyrir ágætlega í okkur og eftir það erum við í stöðugu sambandi við hann þangað til að.... við gátum talað við hann að mestu leyti alltaf annað slagið, það var sko þannig að við töluðum við hann sko og höfðum fréttir af honum sko og lónuðum vesturá eitthvað og svo fer að dofna hljóðið svo þá fundum við það upp bara að stilla tækið fast, hreyfa það ekki neitt þá heyrðum við það að ef dofnaði á vesturleið þá vorum við komnir vestur fyrir hann ég held við höfum farið eina fjóra fimm rúnta þarna en við misstum út í annari leiðinni pakka sem var á bátapallinum með ullarnærfötum í sem okkur hafði verið gefinn og Símon hafði útbúið þennan pakka sem hékk bara við gúmmibjörgunarbátinn og á leiðinni til baka þá fundum við þakkann og náðum honum. Svo komu fleiri bátar þarna.

Við gátum spurt þá um hvort hefði rekið hraðar björgunarbáturinn eða belgirnir en ég man ekki hvernig svörin voru sko.

Við vorum að reyna að miða hann og náðum nokkuð breiðri rás en sáum aldrei hvort hann var fyrir framan eða aftan. Allt í einu sér sá sem er í bakborðs glugganum í brúnni að það sé ljós þarna og um leið öskra þeir á bátnum að þeir heyrir í okkur og sjái okkur. Og þá glumdi alveg í þeim og tækið ætlaði að rifna í sundur, það glumdi svo hátt í þeim.

Við settum kastarann á til að reyna að fá meira skin frá endursinsborðunum á bátnum. Þeir heyrðu líka skrífulhljóðið frá okkur í sjónum.

Báturinn hjá okkur var orðinn svo klakaður, fáir menn og kokkurinn fullorðinn maður svo það var ekkert vit í því fyrir okkur að taka þá upp.

Ath. með m/b Einar Hálfðáns
Frásögn af Stígandaleitinni
Regla að prófa neyðarstöðvar
Páll Guðmundsson og Skyldan